

Fundargerð notendahóps menningar og miðla

Annar notendafundur menningar og miðla var haldinn rafrænt þriðjudaginn 3. nóvember 2020, klukkan 13.00-14.30.

Aðild að hópnum eiga fulltrúar eftirfarandi:

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Bandalag háskólanna
- Háskólinn við Bifröst
- Bandalag íslenskra listanna
- Byggðastofnun
- Forsætisráðuneytið
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík
- Hönnunarmiðstöð
- Íslandsstofa
- Kvikmyndamiðstöð
- Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar
- Leiklistarsamband Íslands (Sviðslistamiðstöð)
- Listaháskóli Íslands
- Listamannalaunasjóður
- Miðstöð íslenskra bókmennta
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Rannís
- Tónverkamiðstöð
- Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar – ÚTÓN

Á fundinum voru eftirfarandi starfsmenn Hagstofunnar:

Nafn	Staða
Anton Örn Karlsson	Deildarstjóri – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
Erla Rún Guðmundsdóttir	Sérfræðingur – Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Ólafur Arnar Þórðarson	Sviðsstjóri – Stjórnsýsla og samstarf

Fundarstjóri var Ólafur Arnar Þórðarson.

Dagskrá:

1. Velkomin
2. Kynning á Hagstofunni og umræddum málafloki
3. Kynning á niðurstöðum könnunar
4. Kynning á nýju efni og hugmyndum
5. Umræða
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Velkomin

Fundarstjóri bauð gesti velkomna og kynnti fulltrúa Hagstofunnar og dagskrá fundarins.

2. Kynning á Hagstofunni og umræddum málaflokki

Hrafnhildur fór yfir starfsemi Hagstofunnar og staðsetningu menningarteymis innan skipurits.

Anton Örn fór yfir helstu verkefni á sviði menningar og miðla en þau snúa mikið til að skilgreiningarstarfi og þróunarvinnu, auk þess að viðhalda eldra talnaefni. Einnig er undirbúningur á úrtaksrannsókn á neyslu menningar og miðla en framkvæmd rannsóknarinnar var frestað vegna Covid-19.

3. Kynning á niðurstöðum könnunar

Erla Rún kynnti niðurstöður könnunar meðal þátttakenda í notendahópi menningar og miðlunar sem send var út fyrir notendafundinn. Könnunin var framkvæmd til að skerpa á efnistökmum á fundinum en hann fór fram sem fjarfundur í fyrsta sinn.

Könnunin var sett fram í fjórum hlutum.

- a) Í fyrsta hluta, sem sneri að eldri tímaröðum, kom fram að meirihluti notenda hefur not fyrir þetta talnaefni og vill að því verði viðhaldið. Fram komu athugasemdir um að í þetta vantaði talnaefni um t.d. myndlist og hönnun og arkitektúr.
- b) Í öðrum hluta var spurt um nýjar útgáfur. Flestir voru sammála um að þær nýttust og að ástæða væri að uppfæra þær a.m.k. árlega. Sérstaklega margir voru ánægðir með útgáfur um starfandi við menningu og um útgjöld hins opinbera til menningarmála. Athugasemdir sneru að mestu að því að þörf væri á betri greiningu og niðurbroti eftir menningargreinum.
- c) Í þriðja hluta voru svarendur beðnir að meta mikilvægi hagrænna mælikvarða menningar. Var ætlunin að sjá hvort einhverjir þeirra væru augljóslega metnir mikilvægari en aðrir af notendum. Flestir sögðu alla mælikvarðana „mjög mikilvæga“ og því erfitt að forgangsraða út frá því. Þess í stað verður reynt að forgangsraða eftir aðgengi að upplýsingum og stöðu verkefna hjá hlutaðeigandi deildum.
- d) Í fjórða hluta var kallað eftir svörum um almennt viðhorf til starfa Hagstofunnar. Ekki er mikil ánægja með núverandi framboð af talnaefni og/eða aðgengi að því en notendur eru almennt ánægðir með áætlanir Hagstofunnar á sviðinu og viðhorf til úrbóta. Þeir notendur sem sóttu síðasta notendafund og/eða hafa verið í samskiptum við Hagstofuna milli funda voru allir ánægðir með hvort tveggja.

4. Kynning á nýju efni og hugmyndum

Erla Rún fór yfir nýjar hugmyndir sem bárust frá notendum í könnuninni og bar þær saman við þau verkefni sem eru í vinnslu hjá Hagstofunni.

5. Umræður

Mikið var rætt um mikilvægi og vandamál þess að greina á milli list- og menningargreina í flokkunarkerfum. Kallað var eftir því að fá skýrari flokkun og meira niðurbrot og í umræðunni kom ítrekað fram að atvinnugreinar og störf gætu flokkast með óheppilega fjölbreyttum hætti sem væri óeskilegt fyrir nákvæmi greininga byggðum á gögnunum.

Umræðan kom ítrekað inn á þær áskoranir sem birtast varðandi ítarleika flokkunar, rekjanleika sem kann að verða við mikið niðurbrot og erfiðleika við skráningu/flokkun starfa og atvinnugreina. Margir tóku undir þetta og ljóst að notendur kalla mjög eftir umbótum á þessu sviði.

Fram kom jafnframt að unnið sé að ýmsu menningartengdum stefnum hjá stjórnslunni og mikilvægt að hafa gögn til að undirbyggja þær og styðja við þróunarstarfið. Fram komu hugmyndir um að nálgast kynningarmiðstöðvar til að hjálpa með gagnasöfnun en þær standa „nær akrinum“ en Hagstofan og geta mögulega leikið hlutverk við að fá meiri og betri gögn. Einnig var rætt um að reyna að grípa menningargreinar með sértækum úrtaksrannsóknum eða viðhengjum í vinnumarkaðsrannsókn.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi slitið kl 14:30.

ÓAP, ERG